

## **Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 27. mars 2026 í máli nr. 119/2025

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 25. ágúst 2025 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili felli niður kröfu á hendur sér um greiðslu vangreiðslugjalds að fjárhæð 2.500 krónur. Þá krefst sóknaraðili að varnaraðili endurgreiði sér greitt málskotsgjald til kæruneftndarinnar að fjárhæð 5.000 krónur. Loks krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði sér bætur að fjárhæð 10.000 krónur vegna vinnu sinnar við mál þetta.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kæruneftndinni**

Með tölvubréfi, dags. 27. ágúst 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Engin andsvör bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, reikningur varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 25. mars 2026, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að þann 9. ágúst 2025 hafi hann lagt bifreið sinni á bílastæði við [...]. Hafi myndavélabúnaður verið til staðar við innakstur á bílastæðið auk skiltis þar sem fram hafi komið að [...] sæi um rekstur þess. Kveðst sóknaraðili vera skráður notandi [...] smáforritsins og hafi í gegnum það veitt heimild til að nýta þjónustuna „[...]“ með bílanúmeri sínu, sem eigi að tryggja sjálfvirka greiðslu bílastæðagjalda. Hafi sóknaraðili því talið nægjanlegt að aka inn á bílastæðið til að ganga frá greiðslu gjalds fyrir viðveru sína. Nokkrum dögum síðar hafi varnaraðili sent honum reikning að fjárhæð 3.500 krónur. Samkvæmt sundurliðun reikningsins krafðist varnaraðili greiðslu að fjárhæð 1.000 krónur fyrir viðveruna á bílastæðinu auk 2.500 króna vangreiðslugjalds. Kveðst sóknaraðili hafa óskað eftir því við varnaraðila að vangreiðslugjaldið yrði fellt niður en varnaraðili hafnað því á þeim grundvelli að þjónustan „[...]“ væri ekki í boði á umræddu bílastæði.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili felli niður umþrætt vangreiðslugjald. Þá krefst sóknaraðili að varnaraðili endurgreiði sér greitt málskotsgjald til kæruneftndarinnar. Loks krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum 10.000 krónur í bætur fyrir þann tíma og fyrirhöfn sem farið hafi í samskipti við varnaraðila og vinnu við mál þetta hjá kæruneftndinni. Byggir sóknaraðili á því að hann hafði þegar veitt varnaraðila greiðsluheimild í gegnum [...] smáforritið fyrir þjónustuna „[...]“. Þá bendir sóknaraðili á að upplýsingagjöf á bílastæðinu sem og í smáforritinu

hafi verið ábótavant og því hafi sóknaraðili ekki gert sér grein fyrir að „[...]“ þjónustan hafi ekki verið í boði á umræddu bílastæði.

#### **IV Niðurstaða**

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa kveður upp úrskurði í málum þar sem ágreiningur er til staðar um kaup á vöru eða þjónustu milli neytenda og seljenda, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Skilyrði þess að kærunefnd vöru- og þjónustukaupa kveði upp úrskurð í ágreiningi milli neytenda og seljenda er að raunverulegur ágreiningur sé til staðar í tengslum við tiltekið réttarsamband málsaðila og að málsaðilar hafi hagsmuni af því að leyst verði úr ágreiningnum.

Þann 10. febrúar 2026 veitti varnaraðili kærunefndinni þær upplýsingar að krafa hans um greiðslu vangreiðslugjalds á hendur sóknaraðila hefði verið felld niður við meðferð málsins í kjölfar framlagningar kvörtunarinnar. Hefur sóknaraðili staðfest framangreint við kærunefndina. Af því leiðir að einkaréttarlegur ágreiningur er ekki lengur uppi á milli málsaðila um álagningu vangreiðslugjalds í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019. Verður því að vísa þeim kröfulið sóknaraðila frá nefndinni, sbr. b. liður 2. mgr. 14. gr. sömu laga.

Sóknaraðili gerir jafnframt kröfu um að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér kostnað við að senda inn kvörtun til kærunefndarinnar. Í lögum nr. 81/2019 er ekki að finna ákvæði sem heimilar kærunefndinni að fallast á kröfu um greiðslu málskotsgjalds úr hendi varnaraðila, auk þess sem sóknaraðili fær það endurgreitt í ljósi niðurstöðu málsins. Að því virtu er kröfu sóknaraðila um greiðslu málskotsgjalds hafnað. Loks krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum bætur að fjárhæð 10.000 krónur vegna vinnu sinnar við mál þetta. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram nein gögn til grundvallar útreikningi á þessum kröfulið né fært sönnur á fjárhæð tjónsins. Ber því að hafna þeim hluta kröfunnar.

#### **V Úrskurðarorð**

Kvörtun X er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson